

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Hildur Edwald nefndarritari  
e-mail: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 3. maí 2021,

**Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis (rafræn meðmæli o.fl.), 647. mál.**

Vísað er til tölvupósts 16. apríl sl. þar sem þess er óskað að yfirkjörstjórn veiti umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 en frumvarpið felur einkum í sér tvennt, annars vegar að heimilt sé að safna rafrænt meðmælum með framboðslista og vegn umsókna um listabókstafi og hins vegar heimild til þeirra sem eru í sóttkví eða einangrun vegna ákvörðunar yfirvalda að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Rétt er að gera eina athugasemd vegna rafrænnar söfnunar meðmæla með framboðslistum en hún varðar lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum, sem innleidd var með 2. gr. laganna.

Í 2. og 3. grein frumvarpsins, sem ætlað er að breyta 30. og 32. grein gildandi laga er tiltekið að yfirlýsing geti verið undirrituð eigin hendi eða með rafrænni undirskrift. Þetta orðalag bendir til að ekki sé ætlunin að krefjast útfærðar rafrænnar undirskriftar, sbr. 10. tl. 3. gr. laga nr. 55/2019. Hér þarf að hafa í huga að samkvæmt 25. grein reglugerðar ESB 910/2014 eru það aðeins útfærðar rafrænar undirskriftir (e. qualified electronic signature) sem eru jafngildar eiginhandarundirritun hvað réttaráhrif varðar. Rafræn undirskrift sem er útfærð í skilningi 26. gr. reglugerðarinnar, veitir því aukið öryggi fyrir því að hún stafi í raun frá þeim sem hún virðist stafa frá. Yrði frumvarpið að lögum myndi það víkja frá framangreindum ákvæðum um gildi rafrænna undirskrifta og skapa óvissu. Ekki sýnist heppilegt að yfirkjörstjórn þurfi á þeim stutta tíma er hún hefur til yfirferðar gagna, að leggja mat á gögn er myndu berast henni og undirrituð væru með undirskrift sem ekki er útfærð rafræn undirskrift. Úr þessu mætti bæta með því að frumvarpið kvæði á um að yfirlýsing geti, auk þess að vera rituð eigin hendi, verið gefin með útfærðri rafrænni undirskrift.

f. h. yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður,



---

Erla S. Árnadóttir, oddviti